

Reglur Arion banka hf. um beingreiðslur

1. gr. Beingreiðslur eru sjálfvirkar skuldfærslur af reikningi viðskiptavinar fyrir hvers konar vöru og þjónustu.
2. gr. Einungis viðskiptavinir með innlánsreikninga í Arion banka geta óskað eftir beingreiðslum.
3. gr. Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, almennir skilmálar innlánsreikninga og reglur þessar eru hluti af samningi viðskiptavinar og bankans um beingreiðslur. Þá eru gildandi verðskrá og vaxtatafla Arion banka eins og þær eru á hverjum tíma hluti af samningi Arion banka og viðskiptavinar um beingreiðslur. Viðskiptavinur staðfestir að hafa kynnt sér almenna viðskiptaskilmála Arion banka og almenna skilmála innlánsreikninga, verðskrá bankans og vaxtatöflu eins og þær eru í dag og samþykkir þær með staðfestingu á þessum reglum eða undirritun á samning um beingreiðslur.

Almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, almennir skilmálar innlánsreikninga, verðskrá og vaxtatafla eru aðgengileg á heimasíðu Arion banka: www.arionbanki.is.
4. gr. Viðskiptavinur heimilar Arion banka að annast greiðslur á rafrænum kröfum ásamt hugsanlegum áföllnum kostnaði krafna, af reikningi sínum.

Viðskiptavinur skal tilgreina nákvæmlega hvaða kröfur bankinn skal skuldfæra sjálfvirkt fyrir af reikningi hans.
5. gr. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að tilgreina rétta/n móttakanda/-endur krafna. Arion banki ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur verður fyrir vegna þess að hann hefur ekki tilgreint réttan móttakanda. Ábyrgð Arion banka vegna óheimilaðra, gallaðra eða ranglega framkvæmdra greiðslna er útlistuð í almennum skilmálum innlánsreikninga.
6. gr. Arion banki ber hvorki ábyrgð gagnvart viðskiptavini né viðtakanda greiðslu ef ekki er næg innistæða fyrir kröfunni á greiðslureikningi greiðanda á umsömdum gjalddaga hennar. Þá ábyrgist Arion banki ekki að krafan verði greidd, sé lagt inn á greiðslureikning eftir gjalddaga.
7. gr. Ef viðskiptavinur sýnir fram á að heimiluð fjárhæð til viðtakanda greiðslunnar hafi ekki verið nákvæmlega tilgreind og að fjárhæð greiðslunnar hafi verið hærrí en viðskiptavinur mátti gera ráð fyrir skal Arion banki endurgreiða viðskiptavini greiðsluna innan 10 daga frá móttöku tilkynningar. Að öðrum kosti synjar Arion banki um endurgreiðslu.
8. gr. Allar upplýsingar um greiðslur, fjárhæð greiðslna, gjöld fyrir þjónustuna, upplýsingar um gengi (ef við á), og dagsetningu greiðslufyrirmæla og framkvæmd greiðslu eru aðgengilegar viðskiptavini í Netbanka hans að lokinni skuldfærslu hvernar greiðslu. Viðskiptavinur skal yfirfara reikningsyfirlit sitt í hverjum mánuði og gera athugasemdir innan 30 daga telji hann reikningsyfirlitið rangt. Viðskiptavinur hefur að hámarki 13 mánuði til að gera athugasemdir við reikningsyfirlit en það gildir eingöngu ef hann getur sannað að bankinn hafi ekki gert reikningsyfirlit aðgengilegt í Netbanka eða sent það með bréfpósti.
9. gr. Samningur um beingreiðslur gildir þar til honum hefur verið sagt upp skriflega af hálfu viðskiptavinar. Uppsögn þarf að berast Arion banka í síðasta lagi 3 viðskiptadögum fyrir áætlaðan greiðsludag kröfu. Bankinn getur sagt upp þessum samningi með 2 mánaða fyrirvara.
10. gr. Viðskiptavinur greiðir gjöld fyrir þjónustu þessa skv. verðskrá Arion banka eins og hún er hverju sinni.
11. gr. Arion banka er heimilt að breyta skilmálum þessum og verðskrá bankans einhliða. Allar breytingar á skilmálum þessum verða tilkynntar tveimur mánuðum fyrir gildistöku á heimasíðu bankans: www.arionbanki.is. Í slíkri tilkynningu skal vakin athygli á því í hverju breytingarnar felast og á rétti notanda til að segja samningi upp. Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar fyrir gildistöku breytinganna telst hann hafa samþykkt þær.